

Til sóknarnefnda og starfsmanna þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar

Reykjavík, 20. janúar 2023

Vakin er athygli á eftirfarandi:

I. Kosning fámennari hluta sóknarnefnda og varamanna á aðalsafnaðarfundum 2023. Ný heimild til kjörs leikmanns í sóknarnefnd sem hefur lögheimili í annarri sókn.

Í 5. gr. starfsreglna um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2022 segir eftirfarandi:
„Á tveggja ára fresti skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, sem hér segir: Árið 2023 skulu **einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni** og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.“

Í lokamálsgr. 5. gr. segir síðan m.a:

„... er aðalsafnaðarfundur heimilt að kjósa leikmann til starfa í sóknarnefndinni **sem tilheyrir annarri sókn samkvæmt lögheimilisskráningu.**“

Sóknarnefndir eru hvattar til að kynna sér starfsreglur þessar, en þær eru aðgengilegar [hér](#).

II. Samþykktir kirkjuþings 2022-2023 á framhaldsfundum kirkjuþings 25.-26. nóvember 2022.

Vísað er til almennrar tilkynningar til sóknarnefnda o.fl., dags. 31. október 2022. Á þingfundum kirkjuþings sem fram fóru 25.-26. nóvember 2022 voru mál tekin til umræðu eða afgreidd frá kirkjuþingi. Sóknarnefndir eru hvattar til að kynna sér málaskrá kirkjuþingsins en hún er aðgengileg [hér](#).

Þingið mun næst koma saman til framhaldsfunda 10.-11. mars 2023.

Virðingarfyllst, f.h. forseta kirkjuþings



Guðmundur Þór Guðmundsson
Lögfræðingur kirkjuþings